



## Reglugerð TKÍ um höfuðspörk á mótum.

Tilgangur reglugerðar er að samræma hvernig höfuðspörk skulu vera dæmd og hvað skal gert þegar þau eiga sér stað. Tilgangurinn er einnig að búa iðkendum taekwondo íþróttarinnar til sanngjarn og öruggara umhverfi til að æfa íþróttina og bæta sig í henni til langs tíma. Keppendur skulu hafa stígandi framþróun í að bæta sig í íþróttinni.

*“Við sem sjáum um mótin á Íslandi höfum farið óeðlilegar leiðir varðandi afgreiðslu á höfuðspörkum á barnamótum. Markmið með því að láta unga iðkendum keppa er m.a. að undirbúa þá fyrir langan og farsælan feril. Rétt stignun þarf að vera í keppni og æfingum. Það er engum til hagsbóta að setja þann stimpil á höfuðspörk að þau eru það versta sem getur gerst, en það er einmitt það sem við höfum gert. Höfuðspark hefur stundum verið eina leiðin fyrir taekwondo keppanda á Íslandi til að tapa bardaga án viðvörunnar. Við erum að ala hræðslu í okkar keppendum sem mun koma niður á þeim með tímanum, sérstaklega þegar þeir koma í eldri flokka eða keppa erlendis. Auk þess er verið að gera óraunhæfar kröfur á yngri iðkendum, að verða að passa sig svo mikið, og mun meira en aðrir eldri og reyndari iðkendum þurfa að gera, því að með einu illa staðsettu sparki getur keppandanum verið vísað úr leik. Við ættum að hafa það markmið að enginn geti unnið bardaga á því fá óviljandi spark í sig á þann stað sem við sem bardagaíþróttahjálfarar eigum umfram allt að kenna þeim að verja. Einnig hefur það viðhafst að hafa “létta” snertingu í ákveðnum flokkum sem þekkist ekki annars staðar og veldur stundum ruglingi og misræmi í dómgæslu. Ég legg til að slíkt fyrirkomulag verði eingöngu notað í undantekningatilfellum og við sérstakar aðstæður t.d. við sérstakar sameiningar.”*

### **Tillögur að flokkaskiptingu með tillit til höfuðsparka\***

- 11 ára og yngri (minor, pee wee, aspirant, children) - Engin höfuðsnerting leyfð
- 12-14 ára (cadet) - Engin höfuðsnerting fyrir 10-5. geup. Höfuðsnerting fyrir 4 geup+ nema við sérstakar aðstæður (sameiningar þar sem það á við).
- 15 - 17 ára (junior) - Full höfuðsnerting nema við sérstakar aðstæður (sameiningar þar sem það á við).
- 18 ára + (senior, veteran) - Full höfuðsnerting nema við sérstakar aðstæður



(sameiningar þar sem það á við).

\*aldur miðast við fæðingarár

## **Barnaflokkar án höfuðsnertingar**

Þegar höfuðspark verður í flokki þar sem höfuðspörk eru ekki leyfð t.d. í cadet eða minor flokkum.

### **Aðstæður 1. Spark var miðað í magahæð en fór af vörn andstæðings í höfuð hans eða keppandi beygir sig.**

D1: spark lendir í handlegg og vegna stöðu eða hreyfingu handleggs þá færðist sparkið og snertir höfuð.

D2: Keppandi A sparkar í sömu hæð og brynja keppanda B. Þegar sparkið er að lenda þá beygir keppandi B sig niður og fær sparkið í höfuðið.

- Í fyrsta skipti skal vara skal þann sem vörnina gerði við svo þetta endurtaki sig ekki.
- Ef það gerist endurtekið að spark fari í höfuð keppanda vegna þessa að hann varði illa þá skal þeim sem sparkið fékk í sig gefið “kjongó”, en ekki þeim sem sparkið gerði.
- Ef keppandinn sem fékk sparkið í sig meiðist eða hræðist skal gefa honum 1 min til að jafna sig og tilkynna “keshi” meiðslatíma.
  - Ef keppandi rotast eða meiðist illa skal kalla til læknis ef hann er viðstaddur.
  - Ef keppandi getur haldið áfram á innan við 1 min þá heldur bardaginn áfram.
- Ef keppandi getur ekki haldið áfram eftir 1 min meiðslatíma þá skal mótslæknir taka ákvörðun um hvort keppandinn sé hæfur til að halda áfram eður ei. Ef mótslæknir er ekki viðstaddur þá skal bardagastjóri tala við hornadómara. Hornadómara og bardagastjóri meta hvort sparkið hafi verið vegna rangrar eða gáleysislegrar tækni þess sem sparkið gerði eða vegna rangrar varnartækni þann sem sparkið fékk í sig.
  - Ef sparkið er vegna rangar tækni í sparki skal sá sem sparkið fékk í sig sgra bardagann.
  - Ef sparkið er vegna rangrar varnartækni þess sem sparkið fékk í sig skal sá sem sparkið gerði sgra bardagann.



Útskýring : Bardagastjóri þarf að fylgjast vel með hvernig keppendur bera sig að, hvernig þeir færa líkama og hendur, og hvernig spörkin eru framkvæmd. Ekki skal hegna þeim sem framkvæmir góða sóknartækni heldur þeim sem framkvæmir slæma varnartækni.

## **Aðstæður 2. Spark fór í höfuð vegna þess að það var illa framkvæmt, miðað of hátt eða gert gáleysislega. Augljóst var að sparkið hefði ekki lent í brynjunni.**

- Gefa skal þeim sem sparkið gerði, “gamdsjom”.
- Ef keppandinn sem fékk sparkið í sig meiðist eða hræðist skal gefa honum 1 min til að jafna sig og tilkynna “keshi” meiðslatíma.
  - Ef keppandi rotast eða meiðist illa skal kalla til læknis ef hann er viðstaddur.
  - Ef keppandi getur haldið áfram á innan við 1 min þá heldur bardaginn áfram.
- Ef keppandi getur ekki haldið áfram eftir 1 min meiðslatíma þá skal mótslæknir taka ákvörðun um hvort keppandinn sé hæfur til að halda áfram eður ei. Ef mótslæknir er ekki viðstaddur þá skal bardagastjóri tala við hornadómara. Hornadómarar og bardagastjóri meta hvort sparkið hafi verið vegna rangrar eða gáleysislegrar tækni þess sem sparkið gerði eða vegna rangrar varnartækni þann sem sparkið fékk í sig.
  - Ef sparkið er vegna rangrar tækni í sparki skal sá sem sparkið fékk í sig sigra bardagann.
  - Ef sparkið er vegna rangrar varnartækni þess sem sparkið fékk í sig skal sá sem sparkið gerði sigra bardagann.
- Ef keppandi sparkar í annað sinn í höfuð andstæðings vegna rangrar tækni við framkvæmd sparksins skal honum vísað úr keppni eftir að hornadómarar og bardagastjóri hafa staðfest það.
- Ef keppandi vísvitandi sparkar í höfuð andstæðings til að valda skaða eða í bræði skal honum vísað úr keppni án aðvarana. Það skal þó ákveðið af hornadómurum og bardagastjóra.

**Viðmiðunarreglur í flokkum þar sem höfuðspörk eru leyfð en ekki með fullri snertingu**



## **og rothögg ekki leyfð við sérstakar aðstæður t.d. við sérstakar sameiningar.**

Ef spark lendir í höfði keppanda og keppandi sýnir engin merki um meiðsl eða skort á meðvitund eða jafnvægi stig gefið af hornadómurum og bardagi heldur áfram.

- Ef spark lendir í höfði keppanda og keppandi sýnir merki um meiðsl eða skort á meðvitund eða jafnvægi.
  - Bardagi skal stöðvaður og tilkynna “keshi” meiðslatíma (1min)
  - Ef keppandi rotast eða meiðist illa skal kalla til læknis ef hann er viðstaddur.
  - Ef læknir eða þjálfari ákvarðar að keppandi geti ekki haldið áfram eftir 1 min þurfa bardagastjóri og hornadómari að ákvarða hvort sparkið hafið örugglega hitt í höfuð andstæðings og verið of kraftmikið.
    - Ef sparkið reyndist hafa valdið skaða vegna þess að það hitti kraftmikið í höfuðið og keppandinn gat ekki haldið áfram skal sá keppandi sem fékk höggið í sig sigra bardagann. Sá sem sparkaði skal fá “gamdsjom” og andstæðingurinn vera úrskurðaður sigurvegari.
    - Ef sparkið lenti ekki í höfuðið eða það var mat dómaranna að höggið hafi verið oft kraftlítið til að valda skaða þá skal sá sem sá sem sparkið gerði sigra bardagann.

## **Annað til viðmiðunar**

- Bardagastjóri tekur aldrei einn þá ákvörðun að vísa keppanda úr keppni, ávallt skal ráðfæra sig við hornadómara. Ef ekki fæst skýr niðurstaða eftir fund með hornadómurum þá skal bardagastjóri taka ákvörðun miðað við það sem hann/hún sá og fylgja eigin sannfæringu.
- Ef gjörð sem skal refsuð með “kjongó” veldur skaða á þann hátt að keppandi getur ekki haldið áfram þá skal sá sem kjongó-ið fékk vera sigurvegari.
- Ef gjörð sem skal refsuð með “gamdsjom” veldur skaða á þann hátt að keppandi getur ekki haldið áfram þá skal sá sem “gamdsjom” fékk tapa bardaganum og hinn vera lýstur sigurvegari.
- Ef læknir er á staðnum skal hann/hún taka ákvörðun um hvort keppandi geti haldið áfram eða ekki ef það er vafi um það.
- Þjálfarar og keppendur eiga ekki að hafa það vald að dæma andstæðinga sína úr leik



sama um hvort ólöglegt athæfi er að ræða eða ekki.

- Mótsjórar hafa það leyfi að gefa ákveðnum flokkum sérstakar reglur er varðar höfuðspörk við ákveðnar aðstæður s.s. sameiningar en þó með samþykki allra þátttakenda.

Reglur þessar voru samþykktar á formanna TKÍ fundi þann. 3. september 2014